

Alþingi
Erindi nr. P 132/3
komudagur 2.11.2005

TIL ÞJÓÐFÁNANS

Þrítíti (hvít-tauð-blái) fáninn vígður þjóðfáni Íslands
hins frjáls og fullvalda íslenska ríkis
sunnudaginn 1. desember 1918

1. Sjá,-friðarbogo í skýjum skín,
svo skartar Íslands fáni.

Þitt geislar útlit - ásýnd þín,
hér eins og sól og máni.

Kær fagurbláinn helgist hann
sem hvítt og rautt kross merkið,
næst jökul ísnum eldhraun brann,
er Ísland krafta verkið.

2. Skín yfir fáni Alþingis,
og æðst á vakt hann standi
til forsjónar og fulltingis,
þar fyrir þjóð og landi.

Í musterum og mennta sal,
á miðum - landsbyggð yfir,
á ystu strönd sem innst í dal,
hjá öllum fáninn lifir

3. Hér ruddi braut - Jón Sigurðsson,
vor sómi lands og þjóðar

Þá frelsið kom hans fremsta von,
varð fánans merkið óðar.

Ó,- vernda Drottinn borg sem byggð,
og bæði loft og sæinn.

Þín eilíf varir ást og tryggð,
þú Íslands blessar daginn.

Pétur Sigurgeirsson

GREINARGERÐ

Hugmyndin að gerð og gildi þessa ljóðs: Til þjóðfánans, er að miklu leyti sótt í ljóð Einars skálds Benediktssonar: Til fánans þ.e. hvítbláins "Rís þú unga Íslands merki."

Einar Benediktsson var, eins og kunnugt er, mikill hvatamaður þess, að íslenski fáninn yrði þannig gerður: Hvítur kross á bláum feldi. Þegar á reyndi, að þessi yrði gerð fánans, kom í ljós að hann ^Láíktist of mikið gríska fánanum og reyndar þeim sænska líka til þess að sú hugmyn næði fram að ganga. Úr því bætti Matthías Þórðarson síðar þjóðminjavörður.

Á fundi í Stúdentafélagi Reykjavíkur þANN 27: SEPTEMBER 1906 lagði hann fra og sýndi mynd af nýjum fána með þeirri breytingu, að inni í þeim hvítbláa miðjum var nú kominn rauður kross. Þar með voru komnar tvær gerðir, hinn tvílitli og þrílitli fáni fyrir Ísland. Deilt vat lengi og allhart um þessar tvær fánagerðir bæði utan þings og innan

En áfram miðaði að langþráðu takmarki. Hinn þrílitli fánagerð varð sérféni og siglingafáni Íslendinga.

Dagurinn rann upp sunnudaginn 1. desember 1918, þegar sambandslögin gengu í gildi, og Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Fjöldmenn var fyrir framan Stjórnarráðshúsið, Íslenski fáninn var dreginn að hún. Af þrepum hússins flutti settur forsætisráðherra, Sigurður Eggerts ræðu til mannfjöldans, og sagði þá m.a. "Og í gær hefur konungurinn gefið út úrskurð um ~~xxxxxxx~~ þjóðfána Íslands, sem blaktir frá því í dag

yfir hinu íslenska ríki...Fáninn er tákn fullveldis vors...

Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna, sem þjóðin á fegurstar, hver

stórverk, sem unnið er af oss,eykur veg fánans,hvort sem það er

unnið á höfum úti í baráttu við brim og úfnar öldureða á svæði

framkvæmdanna eða í vísindum og fögrum listum.Því göfugri, sem

þjóð vor er,þess göfugri verður fáni vor.Vegur hans og frami

er frægð þjóðar vorrar...Vér biðjum alföður að styrkja oss

til að lyfta fánanum til frægðar og frama.... "

Á Stjórnarráðshúsinu blakti íslenski fáninn við hún í fyrsta skipti sem þjóðfáni hins íslenska frjálsa og fullvalda ríkis.Þannig fór það saman,- vígsludagur þjóðfánans of fullveldisdagurinn. Æg vígsluorð þjóðfánans áður nefnd vel mælt lýsingar-og bænarorð ráðherrans - hins eldheita hugsjónarmanns.

Með þetta tákn þjóðarinnar erum við í dag Íslendingar. Leitast er við að gera orðum ráðherrans í ljóðinu um þjóðfánann, og þar kemur Alþingi og til sögunnar. (Í greinargerð þessarri er stuðst við: Ágrip af sögu íslenska fánans eftir Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra.)